


**Austurveita í Ölfusi – könnun á heitu vatni í  
Víðigerði, Litli Saurbær II**

**Magnús Ólafsson**

**Greinargerð MÓ-2001-11**



## Austurveita í Ölfusi - könnun á heitu vatni í Víðigerði, Litli Saurbær II

Föstudaginn 21. september 2001 mældi starfsmaður Orkustofnunar uppleyst súrefni og brennisteinsvetni í heitu vatni í íbúðarhúsinu Víðigerði í landi Litla Saurbæjar í Ölfusi. Víðigerði fær heitt vatn úr borholum við Gljúfurárholt og er á dreifikerfi Austurveitu. Mælingar fóru fram að beiðni Jóns Hólm Stefánssonar á Gljúfri.

Niðurstöður mælinga voru þær að hvorki mældist uppleyst súrefni né brennisteinsvetni í vatninu. Niðurstöður eru einnig sýndar í Töflu 1.

Tafla 1. Niðurstöður mælinga (mg/l)

Staður	Víðigerði
Númer	Inntak 2001-0280
Hiti (°C)	45
Uppleyst súrefni (O <sub>2</sub> )	0
Brennisteinsvetni (H <sub>2</sub> S)	< 0,03

Takmarkaðar upplýsingar eru til um heitt vatn hjá Austurveitu, þ.e.a.s. vatn úr þeim holum sem veitan nýtir. Þykir því rétt að benda á nauðsyn þess, að efnasamsetning vatnsins verði könnuð nánar, auk þess að Austurveita komi á virku eftirliti með vinnslu úr jarðhitakerfinu í Gljúfurárholti.

Magnús Ólafsson  
mo@os.is